

Fjármálaráðuneytið, rit 1999-3
Maí 1999

Innkaupakort ríkisins

Nefndarálit

Innkaupakort ríkisins, nefndarálit
ISBN 9979-820-47-0
1999 Fjármálaráðuneytið
Steindórsprent Gutenberg

Efnisyfirlit

Samantekt og niðurstöður	4
1. Inngangur	5
2. Nefnd um innkaupakort ríkisins	6
2.1 <i>Verkefni nefndarinnar</i>	6
2.2 <i>Nefndarstarfið</i>	6
3. Innkaupakort ríkisins	7
3.1 <i>Hvað eru innkaupakort?</i>	7
3.2 <i>Lausnir erlendis frá</i>	7
3.2.1 <i>Finnsku Hansel innkaupakortin</i>	8
3.2.3 <i>Innkaupakort í Bandaríkjunum</i>	8
3.2.4 <i>Innkaupakort breska fjármálaráðuneytisins</i>	8
3.3 <i>Hvaða kosti hafa innkaupakort varðandi aukna yfirsýn yfir innkaup?</i>	9
3.4 <i>Auknir möguleikar við notkun greiðslukorta</i>	10
3.5 <i>Hvernig er unnt að skilyrða hámarksinnkaup eða útiloka ákveðna sölustaði?</i> ..	10
3.6 <i>Hvernig styrkja innkaupakortin rammamninga?</i>	11
3.6.1 <i>Rammamningakerfið</i>	11
3.6.2 <i>Samtakamáttur heildarinnar</i>	12
3.6.3 <i>Nauðsyn á samþættu rafrænu innkaupakerfi</i>	12
3.6.4 <i>Rammamningarnir og innkaupakortið</i>	12
4. Umsýslukostnaður og stjórnsýsluhættir	13
4.1 <i>Greining á innkaupafærli stofnana</i>	13
4.1.1 <i>Framkvæmd innkaupa</i>	13
4.1.2 <i>Greiðsla reikninga</i>	14
4.1.3 <i>Sjóðir</i>	14
4.2 <i>Greining á innkaupum og umsýslukostnaði</i>	14
4.2.1 <i>Greining á upphæðum innkaupa opinberra stofnana</i>	15
4.2.2 <i>Greining á kostnaði við mismunandi greiðslutilhögun</i>	15
4.2.3 <i>Hvernig verður bókhaldi háttað í sambandi við kreditkort?</i>	16
4.2.4 <i>Frumgögn til nota í bókhaldi</i>	16
4.2.5 <i>Færslumeðferð í bókhaldi</i>	16
4.2.6 <i>Upplýsingar á rafrænu formi með innkaupakorti</i>	17
4.3 <i>Færslur án heimildar</i>	18
5. Samskipti við greiðslukortafyrirtæki	18
5.1 <i>Kynningar</i>	18
5.2 <i>Samskipti við greiðslukortafyrirtæki, útboð og tilraunaverkefni</i>	19
5.3 <i>Viðbrögð söluaðila</i>	19

Samantekt og niðurstöður

Nefnd til að kanna kosti og galla þess að taka upp notkun innkaupakorta fyrir ríkisstofnanir hefur nú lokið störfum. Nefndin var skipuð af fjármálaráðherra í ágúst 1998. Eftir að hafa skoðað þá þætti sem fyrir nefndina voru lagðir með erindisbréfi, hefur nefndin komist að eftirfarandi niðurstöðum:

- Að mati nefndarinnar væri hægt að ná umtalsverðum sparnaði með notkun innkaupakorta hjá ríkisstofnunum við umsýslu reikninga vegna smáinnkaupa. Miðað er við að smáinnkaup séu innkaup þar sem verðgildi er minna en 50.000 kr. Aðalávinningurinn felst í því að færslum fækkar ásamt því að lágmarka má meðhöndlun gagna hjá þeim sem koma að innkaupunum. Erlendar óháðar kannanir sýna að sparnaður við umsýslukostnað nemur 55-75 %.
- Með notkun innkaupakorta og rafrænna greiðslna er mögulegt að einfalda mjög færslukerfi í bókhaldi. Þetta takmark næst þó ekki strax í upphafi en rétt er að vinna að þessu markmiði. Samkvæmt núverandi lögum og reglum um bókhald ríkisins er ekki heimilt að nota rafræna reikninga sem gögn í bókhaldi.
- Samhliða fræðslu um notkun innkaupakorta þarf að vinna að endurskoðun innkaupaferla stofnana með það að markmiði að einfalda þá og auka skilvirkni.
- Skilyrða má notkun innkaupakortanna þannig að kröfum ríkisins um öryggi við notkun þeirra verði fullnægt.
- Með því að taka upp notkun innkaupakorta við smáinnkaup má stuðla að aukinni notkun rammisamninga sem tryggja stofnunum bestu mögulegu kjör. Samhæfð notkun rammisamninga og korta gæti skilað verulegum sparnaði fyrir ríkið. Bæði lækkar umsýslukostnaður og aukin magninnkaup leiða til betri kjara.
- Notkun innkaupakorta gefur stjórnendum stofnana möguleika á betri yfirsýn yfir innkaup stofnunarinnar og verður þannig mikilvægt stjórnunartæki.
- Greiðslukortafyrirtæki sem nefndin ræddi við hafa sýnt áhuga og getu til að veita ríkisstofnunum þjónustu. Hugsanlegt er einnig að önnur fyrirtæki bjóði ríkinu þessa þjónustu.

Í framhaldi af framangreindum niðurstöðum leggur nefndin fram eftirfarandi tillögur:

- Mælt er með því að ráðuneyti og stofnanir ríkisins geti tekið upp innkaupakort til nota við smærri innkaup.
- Samstarfi við greiðslukortafyrirtæki verði komið á með útboði á þjónustu þar sem bjóðendum er gert að tilgreina kostnað og hugmyndir varðandi útfærslu á lausnum.
- Samið verði við einn aðila til að annast þessa þjónustu að undangengnu útboði.

- Byrjað verði á að vinna tilraunaverkefni sem valdar stofnanir tækju þátt í.
- Skilyrt verði í samningi við kortafyrirtæki að þjónustugjöld við notkun innkaupakortanna verði ekki greidd af ríkissjóði og að samið verði til ákveðins tíma, t.d. fjögurra ára.
- Við upptöku innkaupakortanna verði lögð áhersla á gildi rammisamninga við smáinnkaup.
- Skipuð verði verkefnisstjórn á vegum fjármálaráðuneytisins til að hafa umsjón með verkefninu.
- Unnið verði eftir fyrirfram ákveðnu verklagi sem byggt verði á niðurstöðum nefndarinnar og reynslu erlendis frá. Sérstök áhersla verði lögð á fræðslu til stofnana áður en þær taka innkaupakortið í notkun.

1. Inngangur

Á undanförunum árum hefur athygli stjórnvalda í síauknum mæli beinst að mikilvægi innkaupa hins opinbera. Aukin yfirsýn yfir innkaup ríkisins með bættri stjórnun og samræmingu hefur leitt í ljós að leiðir til sparnaðar í þessum geira ríkisrekstrar eru margar. Reikna má með að allt að 25% af öllum útgjöldum ríkisins séu á sviði opinberra innkaupa svo að auðsýnt er að um töluverðar fjárhæðir er að ræða.

Liður í viðleitni ríkisins til að auka hagkvæmni við opinber innkaup er að kanna með hvaða hætti notkun innkaupakorta getur minnkað kostnað og aukið eftirlit við innkaup ríkisstofnana. Víða erlendis hafa opinberir aðilar tekið upp notkun innkaupakorta við opinber innkaup. Til dæmis hefur slíkt kort verið á markaði í Bandaríkjunum frá 1989 og í Bretlandi og Finnlandi frá 1997. Um er að ræða sérstök greiðslukort sem einungis ríkisstofnanir nota og eru gefin út af bönkum og greiðslukortafyrirtækjum. Kortin eru ætluð til nota við öll smáinnkaup stofnana. Markmiðið með notkun slíkra korta er að auka hagræðingu fyrir kaupendur og seljendur. Markmið hins opinbera með notkun kortanna hefur verið að lækka kostnað við innkaup, auka gegnsæi og einfalda innkaupaferla hjá ríkisstofnunum. Hagur seljenda er að sama skapi að minnka umsýslukostnað sem síðan hefur skilað sér í lægra vöruverði til viðskiptavinarins.

Fjármálaráðherra, sem fer með málefni opinberra innkaupa, skipaði 27. ágúst 1998 nefnd sem fékk það hlutverk að kanna ýmsa þætti er snúa að notkun greiðslukorta í ríkisgeiranum. Nú liggur fyrir afrakstur nefndarvinnunnar. Nefndarálitið er byggt upp með þeim hætti að í 2. kafla er greint frá vinnutilhögun við nefndarstarfið þar sem fram koma verkefni nefndarinnar og hvernig staðið var að upplýsingaöflun. Í 3. kafla er almennt farið yfir notkun innkaupakorta, hvaða möguleika þau hafa að bjóða og hvernig hægt er að skilyrða notkun þeirra. Einnig er í þessum kafla gerð grein fyrir notkun innkaupakorta hjá nokkrum nágrannalöndum okkar. Í 4. kafla er greint frá hvernig notkun innkaupakorta hefur áhrif á þætti er snúa að umsýslu við innkaup, ásamt áhrifum slíkra korta á stjórnsýsluþætti. Nefndin hefur í starfi sínu leitað til aðila sem vinna á greiðslukortamarkaði. Þannig hefur

nefndin kynnt greiðslukortafyrirtækjum hugmyndir ríkisins varðandi notkun innkaupakortanna. Við skoðun á kostum og göllum innkaupakorta er einnig mikilvægt að kanna viðbrögð söluaðila. Nefndin hefur sinnt þessum þætti með því að ræða við fulltrúa þeirra. Frá viðhorfum og hugmyndum aðila á markaði er greint í 5. kafla.

Í nefndinni áttu sæti Herbert V. Baldursson, deildarstjóri hjá Ríkisbókhaldi, Júlíus S. Ólafsson, forstjóri Ríkiskaupa og Sigurjón I. Haraldsson, skrifstofustjóri hjá Ríkisendurskoðun og Guðmundur Ólason, fjármálaráðuneyti sem jafnframt gegndi formennsku í nefndinni.

2. Nefnd um innkaupakort ríkisins

2.1 Verkefni nefndarinnar

Samkvæmt erindisbréfi fjármálaráðherra, dags. 21. september 1998, var nefndinni ætlað að fjalla um eftirfarandi atriði:

- Á hvaða sviði opinbers rekstrar er mögulegt að taka upp kreditkort?
- Hverjir eru kostir kreditkorta fyrir rekstur ríkisins?
- Hvernig verður bókhaldi ríkisins í sambandi við kreditkort háttað?
- Hvernig samræmist notkun kreditkorta þeim lögum og reglum sem í gildi eru um skipan opinberra innkaupa?
- Hverjir skulu hafa aðgang að kreditkortum ríkisins?
- Hverjir bera ábyrgð á notkun kortanna?
- Hámarksupphæð viðskipta.
- Samninga við greiðslukortafyrirtæki.

Nefndin skyldi, að loknu starfi, leggja fram tillögur um aðgerðir.

2.2 Nefndarstarfið

Nefndarstarfið var skipulagt með tilliti til þeirra verkefna sem lágu fyrir í upphafi. Því var ákveðið að skipta starfinu upp í fjögur meginsvið:

1. Kanna notkun sambærilegra innkaupakorta hjá nágrennanþjóðum okkar. Athuga hvaða leið hefur verið farin og hvaða árangur hefur náðst með notkun kortanna.
2. Kanna þætti er snúa að hagræðingu innan ríkisgeirans sjálfs. Má þar nefna samanburð á kostnaði við mismunandi greiðsluhætti, yfirsýn yfir innkaup ríkisins og hvernig notkun slíkra korta samræmist stjórnsýsluháttum ríkisins.
3. Kanna samskipti við greiðslukortafyrirtæki. Í nefndarstarfinu voru kallaðir til fundar við nefndina, fulltrúar VISA Ísland og Europay á Íslandi. Í upphafi voru þessum aðilum kynntar hugmyndir nefndarinnar varðandi sérstöðu innkaupakorta fyrir

ríkisgeirann, t.d. varðandi öryggi og upplýsingagjöf. Í lok nefndarstarfsins kynntu fyrirtækin sínar hugmyndir um það hvernig mætti koma til móts við kröfur ríkisvaldsins um kreditkort.

4. Kanna viðbrögð söluaðila. Fulltrúar söluaðila voru kallaðir til fundar við nefndina til að kanna viðhorf markaðarins til notkunar innkaupakorta fyrir ríkið.

3. Innkaupakort ríkisins

3.1 Hvað eru innkaupakort?

Innkaupakort eru kort sem sérstaklega eru gefin út til stofnana ríkisins, til notkunar við smáinnkaup. Með smáinnkaupum er miðað við innkaup á vörum sem kosta minna en 50.000 kr. Notkun kortanna samræmist lögum og reglum um innkaup hins opinbera og fellur undir 32. gr. laga nr. 88/1997 um fjárreiður ríkisins. Þar segir:

Í samræmi við almennar venjur viðskiptalífsins er hér kveðið á um að ríkisaðilum í A- og B-hluta sé heimilt að eiga viðskipti án staðgreiðslu. Gert er ráð fyrir að fjármálaráðherra setji nánari reglur um viðskipti af þessu tagi, þ.e. bæði að því er varðar heimildir til greiðslufrests og veitingu slíks frests.

Nú er að störfum nefnd á vegum fjármálaráðherra sem hefur það hlutverk að vinna að reglugerð um rafrænt bókhald, geymslu rafrænna gagna og lágmarkskröfur til bókhaldskerfa. Reglugerðin mun væntanlega hafa töluverð áhrif á hversu langt verður unnt að ganga í notkun innkaupakorta. Rafrænir reikningar eru ekki samþykktir af ríkinu samkvæmt núverandi lögum og reglum.

3.2 Lausnir erlendis frá

Þær hugmyndir sem settar hafa verið fram hér á landi um innkaupakort fyrir ríkisstofnanir eru að mörgu leyti tilkomnar vegna erlendra fyrirmynda. Slík kort hafa verið í notkun í Bretlandi, Bandaríkjunum og Finnlandi svo einhver lönd séu nefnd. Lausnirnar eru þó ekki eins í öllum löndum. Til að mynda eru kortin sem þekkt eru frá Bandaríkjunum mjög ólík þeim sem notuð eru í Evrópu sem mun aðallega stafa af því að bandaríska stjórnkerfið er gerólíkt flestum stjórnkerfum í Evrópu.

Innkaupakort ríkisstofnana innan Evrópu eru einnig mjög ólík. Finnsku kortin eru t.d. gefin út af ríkishlutafélaginu Hansel sem selur þjónustu sína til opinberra aðila en í Bretlandi eru það hins vegar opinberir aðilar sem eiga bein viðskipti við bankakerfið og greiðslukortafyrirtæki. Í kaflanum hér á eftir mun verða fjallað um þróun innkaupakorta í þessum þremur löndum en höfuðáhersla mun verða lögð á Bretland þar sem Bretar eru tiltölulega

nýbúnir að taka innkaupakort í notkun og því hefur verið greiður aðgangur að upplýsingum tengdu þessu ferli bæði hjá breska fjármálaráðuneytinu og VISA.

3.2.1 *Finnsku Hansel innkaupakortin*

Í Finnlandi eru notuð innkaupakort sem gefin eru út af fyrirtækinu Hansel Ab. Hansel fyrirtækið var upphaflega ríkisstofnun en hefur nýlega verið breytt í hlutafélag í eigu ríkisins. Fyrirtækið sérhæfir sig í innkaupum fyrir ríkið og býður upp á rammamninga og vörulista auk innkaupakorta. Innkaupakortin er eingöngu hægt að nota þar sem samið hefur verið um afslátt af vöru eða þjónustu milli Hansel og söluaðilans. Þessir samningar geta verið mjög svæðisbundnir. Notkun Hansel korta er því mjög sérhæfð. Markmiðið með notkun kortanna er þó svipað og það sem við þekkjum frá öðrum löndum, þ.e. að lágmarka kostnað við smærri innkaup ásamt því að auðvelda yfirsýn stjórnenda.

Samkvæmt gögnum frá fyrirtækinu hefur náðst allt að 75% sparnaður í umsýslukostnaði við notkun kortanna og útbreiðsla þeirra verið viðunandi. Þess ber þó að geta að útbreiðsla kortanna er hlutfallslega ekki eins mikil og t.d. í Bretlandi þar sem kortin eru einnig notuð til annarra innkaupa en í gegnum rammamninga.

3.2.3 *Innkaupakort í Bandaríkjunum*

Innkaupakort eiga sér allnokkra sögu í Bandaríkjunum. Stærstu greiðslukorta-fyrirtækin hafa boðið upp á kort sem eingöngu eru ætluð til innkaupa fyrir fyrirtæki og stofnanir. Samhliða útgáfu kortanna hafa fyrirtækin staðið fyrir námskeiðum og kynningu á möguleikum þeirra.

Bandarísku kortin eru frábrugðin öðrum í því að ekki hefur verið um markvissa heildarstefnumótun að ræða með notkun þeirra, heldur hafa stofnanir tekið sjálfar upp notkun slíkra korta. Mjög algengt er t.d. að háskólar hafi tekið upp svona kort til hagræðingar við innkaup. Bandarísku innkaupakortin hafa ekki eins mikla sérstöðu á greiðslukortamarkaði eins og kort víða frá Evrópu.

3.2.4 *Innkaupakort breska fjármálaráðuneytisins*

Eftir töluverðan undirbúningstíma voru bresku innkaupakortin sem hafa gengið undir nafninu GPC (Government Procurement Card), gefin út í fyrsta sinn í október 1997. Það er því ekki komin mikil reynsla á notkun kortanna. Þó er ljóst að hjá þeim aðilum sem hafa notað þau, er reynslan góð.

Í nóvember 1998 kom út skýrsla á vegum endurskoðunarfyrirtækisins KPMG sem fengið hafði verið til að vinna að óháðri úttekt á verkefninu og þeim árangri sem náðst hafði.

Niðurstaða úttektarinnar var að:

- Í Bretlandi voru áætluð verðmæti heildarinnkaupa smávara u.þ.b. 150 milljónir punda. Kostnaður við þessi innkaup nam hins vegar 112 milljónum punda fyrir tilkomu innkaupakorta.

- Rannsóknir sýndu að sparnaður við umsluskostnað yrði um 60% með kortanotkun.
- Umsýsla við dæmigerð smáinnkaup var u.þ.b. 3 klst. og 20 mínútur. Umsýsla með innkaupakorti tekur hins vegar 1 klst. og 25 mínútur.
- Raunveruleg dæmi sýna sparnað í kostnaði við innkaup sem eru lægri en 500 pund, er 53 - 78 %.

3.3 *Hvaða kosti hafa innkaupakort varðandi aukna yfirsýn yfir innkaup?*

Mikilvægur ávinningur af notkun kortanna er upplýsingagjöf til stjórnenda stofnana við innkaup. Við upplýsingaöflun um þennan þátt hefur nefndin bæði stuðst við reynslu erlendis frá og þær hugmyndir sem settar hafa verið fram af greiðslukortafyrirtækjum.

Til þess að fullnýta möguleika á ítarlegri upplýsingagjöf til stjórnenda stofnana er nauðsynlegt að gera sér grein fyrir eftirfarandi atriðum:

- Hvaða búnaður er nú þegar til staðar og hvaða upplýsingar er hægt að vinna með þeim tækjabúnaði?
- Hvaða tæknilegu möguleikar aðrir eru fyrir hendi?
- Hvaða kostnaður fylgir auknum upplýsingum og aukinni sundurliðun upplýsinga á reikningum?

Sá búnaður sem nú þegar er fyrir hendi á mörgum sölustöðum og er rekinn á vegum greiðslukortafyrirtækjanna, gefur möguleika á takmörkuðu safni upplýsinga. Þó er mögulegt fyrir greiðslukortafyrirtækin að flokka upplýsingar um kaup eftir þjónustuflokkum og eftir einstökum söluaðilum samkvæmt óskum kortahafa. Sá gagnagrunnur sem nú þegar er starfræktur, býður því upp á töluvert meiri möguleika á úrvinnslu upplýsinga en hinn almenni notandi þekkir.

Á næstu árum er líklegt að notkun greiðslukorta þróist yfir í það að veita sífellt umfangsmeiri upplýsingar með hverri færslu. Ríkissjóður og stofnanir hans eru í góðri aðstöðu til að stuðla að þessari þróun með því að taka innkaupakort ríkisins í notkun.

Erlendis hefur verið þróaður sérstakur búnaður sem gerir kleift að skrá mun fleiri upplýsingar við hverja færslu en almennt er vaninn. Hér á landi hafa verið stigin fyrstu skrefin í þessa átt. Ef óskað er ítarlegri upplýsinga er nauðsynlegt að settur sé upp fullkomnari móttöku- og hugbúnaður á sölustöðum. Þessi búnaður vinnur með öðrum hætti en sá búnaður sem nú er notaður. Samkvæmt hugmyndum greiðslukortafyrirtækjanna virðist ljóst að þau eru fær um að bjóða slíkar lausnir, en þær hafa í för með sér kostnað vegna uppsetningar á nýjum búnaði. Munurinn á búnaði þessum og þeim sem nú er notaður, felst í flutningsgetu á gögnum og samvirkni með öðrum hugbúnaði. Þannig er tæknilega mögulegt að flytja upplýsingar um vörur sem skráðar eru í bókhaldi og/eða sölukerfi, í gagnagrunn sem greiðslukortafyrirtæki rekur. Síðan getur hver notandi fengið

leyfi til að vinna í þessum grunni, þ.e. að vinna úr honum upplýsingar sem komið geta að gagni við rekstur stofnunarinnar. Lykilatriði er að hugbúnaður greiðslukortafyrirtækisins og sölukerfi geti unnið saman.

Með því að vinna í slíkum grunni er mögulegt að greina umfang innkaupa stofnunarinnar, hvar þau voru gerð, hverjar upphæðirnar voru o.s.frv. Með þessum hætti væri hægt að bæta stjórnun á innkaupum stofnana og yfirsýn stjórnenda batnar mjög.

Augljóst er að auknar upplýsingar til stjórnenda við innkaup eru mjög til bóta en mikilvægt er að gera sér grein fyrir hver kostnaðurinn við nauðsynlegar breytingar er. Sú afstaða hefur verið tekin innan nefndarinnar að það sé alls ekki ríkissjóður sem eigi að bera kostnað af breytingu á móttökurum. Þetta þýðir að greiðslukortafyrirtækin sjálf munu þurfa að standa straum af kostnaði sem síðan mun, eðli málsins samkvæmt, koma niður, með beinum eða óbeinum hætti, á söluaðila. Þetta getur haft ýmsar afleiðingar. Til dæmis er ljóst að sá ávinningur sem kortafyrirtækin og söluaðilar sjá fyrir sér með því að taka upp innkaupakort fyrir ríkisstofnanir, verður að vega upp á móti þessum kostnaði til að allir aðilar fái til þátttöku. Því er það sameiginleg ákvörðun þessara aðila hvenær og hvort farið skuli fram á að skipt sé út móttökubúnaði sem gerir frekari söfnun upplýsinga mögulega.

3.4 Auknir möguleikar við notkun greiðslukorta

Tækni í notkun greiðslukorta er í sífellndri þróun. Má þar nefna notkun svokallaðra snjallkorta sem samkvæmt yfirlýsingum kortafyrirtækja og bankastofnana verða komin í notkun um mitt ár 1999. Um er að ræða kort sem búin eru örgjörvum sem mögulegt er að forrita með ýmis konar upplýsingum. Reiknað er með að í fyrstu verði snjallkortin aðeins notuð sem myntkort. Það þýðir að mögulegt verður að hlaða upphæðum inn á kortin, sem síðan er hægt að nota sem greiðslu. Ávinningurinn af þessu er að með slíkri notkun er ekki nauðsynlegt að hringja eftir heimild og þannig verður hver færsla mun ódýrari og tekur þar að auki skemmri tíma. Innan nefndarinnar hafa kostir þessara korta fyrir ríkisstofnanir, verið kannaðir og er niðurstaðan sú að ekki sé líklegt að þessi kort hafi í för með sér miklar breytingar hvað varðar möguleika við innkaup stofnana.

Annað sem vert er að taka fram varðandi tæknilega möguleika sem eru að skapast, er sú almenna krafa markaðarins, t.a.m. söluaðila, að unnt verði að vinna ítarlegri upplýsingar um notkun kortanna. Stærri fyrirtæki sem eru í miklum samskiptum við viðskiptavinina, t.d. matvöruvyrirtæki, sjá ávinning af því að greina viðskipti hvers viðskiptavinar. Þetta er einnig velþekkt fyrirbæri í viðskiptum flugfélaga.

3.5 Hvernig er unnt að skilyrða hámarksinnkaup eða útiloka ákveðna sölustaði?

Fljótlega eftir að nefndin hóf störf, komu upp hugmyndir innan hennar um hvernig binda mætti notkun kortanna við ákveðin vörukaup með það að markmiði að koma í veg fyrir hugsanlega misnotkun þeirra. Einkum var skoðað hvernig hægt væri að binda annars vegar

upphæðir, bæði við hver kaup og svo heildarinnkaup yfir ákveðið tímabil, og hins vegar þá staði sem nota mætti kortin á.

Miðað við þann búnað sem nú er notaður, er hægt að takmarka notkun innkaupakortanna. Bæði er mögulegt að útiloka vissa sölustaði, t.d. veitingahús eða ferðaskrifstofu, en einnig að útiloka ákveðna þjónustuflokka. Einnig er mögulegt, án mikillar fyrirhafnar, að takmarka upphæðir sem leyfilegt er að versla fyrir í hvert skipti og heildarupphæð viðskipta á hvert kort á hverju tímabili.

Til þess að þetta sé hægt, er nauðsynlegt að notast við svokölluð síhringikort sem þýðir að hringt er eftir heimild til greiðslukortafyrirtækis í hvert skipti sem kort er notað. Þetta hefur í för með sér ákveðinn kostnað fyrir söluaðila.

Notkun kortanna skal bundin þeim aðilum innan stofnunar sem annast innkaup. Þeir verða að gangast undir skilyrði sem sett verða um notkun þeirra. Með þessu móti má halda hættu á misnotkun í lágmarki.

3.6 Hvernig styrkja innkaupakortin rammamninga?

Innan nefndarinnar hefur verið nokkur umfjöllun um það með hvaða hætti innkaupakort styrkja rammamninga sem Ríkiskaup hafa stofnað til fyrir hönd ríkisins. Meginmarkmið með notkun innkaupakorta og rammamninga eru svipuð, þ.e. að lágmarka kostnað við innkaup á smávöru.

3.6.1 Rammamningakerfið

Ríkiskaup hafa undanfarin fjögur ár staðið að uppbyggingu á svokölluðu ramma-samningakerfi sem er innkaupakerfi fyrir ríkisstofnanir. Rammamningar eru hagkvæmir til kaupa á skrifstofu- og rekstrarvörum, þ.e. vörum sem keyptar eru oft og í mörgum smáum pöntunum.

Innkaup ríkisstofnana eru oft ekki gerð með réttum hætti sökum þess að víða eru þau, vegna smæðar stofnana, aukastarf í höndum starfsfólks. Aukin sérhæfing í innkaupum leiðir til betri árangurs. Að sama skapi tryggir sérhæfing aukna þekkingu á innkaupum og lagaumhverfi þeirra.

Ríkiskaup hafa með gerð rammamninga einfaldað innkaupaferilinn fyrir ríkisstofnanir og stuðlað að samræmingu innkaupa með útboðum.

Þær viðtökur sem rammamningakerfið hefur hlotið hafa verið vonum framar. Velta þess á síðasta ári var nærri einum milljarði króna. Flestöll almenn innkaup ríkisins gætu farið fram á grundvelli rammamninga með einföldum og þægilegum hætti án þess að mismuna seljendum á markaðinum og um leið tryggja ákveðið gegnsæi í meðferð opinberra fjármuna.

3.6.2 Samtakamáttur heildarinnar

Grunnhugmyndin að baki rammasamningakerfi Ríkiskaupa er sú að með auknu magni innkaupa megi draga úr kostnaði og lækka verð. Að undangengnu útboði fá seljendur aðgang að stórum hópi kaupenda í gegnum Ríkiskaup. Ætíð er samið við fleiri en einn seljanda, oftast tvo til fimm ef um stóra vöruflokka er að ræða t.d. tölvur og húsgögn. Samið er til tveggja ára með möguleika á framlengingu í eitt ár. Reglulega fá svo allir aðilar markaðarins tækifæri til að komast inn í kerfið því að taka þátt í útboðum á sameiginlegum innkaupum ríkisins í ákveðnum flokkum vöru og þjónustu. Því fleiri ríkisstofnanir sem taka þátt í innkaupunum á samningstímanum þeim mun hærri verður heildarsamningsupphæðin sem seljendur munu keppa um. Verð, gæði, afhendingarskilmálar og fleira verður því mun hagstæðara en ef hver stofnun fyrir sig stendur í eigin samningagerð án stuðnings heildarinnar.

3.6.3 Nauðsyn á samþættu rafrænu innkaupakerfi

Ef dæma má útfrá viðtökum sem rammasamningakerfið hefur fengið, má ætla að þörfin fyrir eitt sameiginlegt innkaupakerfi sé mikil, þar sem hið opinbera getur gerst áskrifandi að ákveðnum viðskiptakjörum og einfaldað öll innkaup sín með því að versla frá einum stað, tölvuskjánum sínum.

Æ fleiri vilja fá rammasamningakerfið á rafrænan form.

Vöru- og verðskrá kerfisins væru þá á tölvutæku formi sem kaupendur nota til að leita að ákveðnum vörum, bera saman verð og gæði, og loks pantar og greiða rafrænt þegar kerfið hefur verið þróað til loka ferilsins.

Þetta ætti að vera öllum opinberum stofnunum aðgengilegt á tölvuskjá. Þannig myndu kaupendur ekki þurfa að leggja í aukafjárfestingar og flestallir seljendur hafa nú þau tæki sem til þarf. Vandamálið felst í því að tryggja seljendum ákveðna lágmarksnotkun og að fá þá með í ákveðna samræmingar- og undirbúningsvinnu. Einnig þarf að tryggja þátttöku kaupenda til þess að þeir sjái sér hag í að nota tæknina og stuðla þannig að enn viðtækari notkun kerfisins.

3.6.4 Rammasamningarnir og innkaupakortið

Megintilgangurinn með notkun kortsins er að gera greiðslumiðlun smápantana skilvirkari og ódýrari. Erlendar athuganir hafa leitt í ljós að kostnaður við smápöntun getur numið 15-44% af verðmæti pöntunar. Mikilvægt er því að taka innkaupaferlið til skoðunar hjá þeim stofnunum sem taka kortið í notkun. Erlendar rannsóknir sýna að lækka má innkaupakostnað um allt að 60% með notkun kortanna. Fullyrða má að kostnaðurinn hér á landi sé síst minni, þar sem rekstrareiningar eru margar og smáar. Hér er einungis átt við sparnað vegna innkaupakortanna, þá er eftir að nefna sparnað vegna aukinnar notkunar rammasamninga. Ríkiskaup hefur áætlað að þeir vöruflokkar sem henta fyrir þetta innkaupaform velti u.þ.b. 6 milljörðum króna á ári. Ekki er þess að vænta að öll þau kaup geti farið í gegnum rammasamningakerfið. Ef það næst að 2/3 hlutum nemur það um 4 milljörðum króna á ári. Velta

samninganna á árinu 1998 var nálægt einum milljarði króna en vöxtur kerfisins hefur verið u.þ.b. 40% á ári frá upphafi.

Þarna er því enn mikið verk óunnið, bæði í útboðum á fleiri vöruflokkum, kynningu á kerfinu og í að fá starfsmenn sem annast innkaup til að nýta það enn betur. Hagræðing við notkun rammasamningakerfisins mun hvetja stofnanir til að taka kortið í notkun og aukið magn innkaupa í gegnum kerfið mun stuðla að enn betri kjörum.

4. Umsýslukostnaður og stjórnsýsluhættir

4.1 Greining á innkaupaferli stofnana

Innkaupum ríkisstofnana má skipta annars vegar í kaup á vörum, og hins vegar kaup á þjónustu. Hér á eftir er í grófum dráttum gerð grein fyrir vörukaupum stofnana.

Innkaupaferill stofnana er mismunandi og fjöldi starfsmanna er koma að innkaupunum er misjafn. Stærð og starfsemi stofnana ræður hér mestu. Hjá þeim minnstu eru það yfirleitt einn til tveir aðilar sem sjá um innkaupin en hjá þeim stærstu, t.d ríkisspítölum, geta nokkrir tugir starfsmanna komið þar að.

Ef tekin verða upp innkaupakort hjá ríkisstofnunum er nauðsynlegt jafnhliða því að endurskoða innkaupaferli viðkomandi stofnunar með það að markmiði að einfalda og minnka skriffinnsku. Fyrst í stað verða fylgiskjöl nánast þau sömu og nú en með aukinni tækniþróun í þessum málum má búast við að fylgiskjöl verði send rafrænt, sem er augljóslega mikil einföldun frá því sem nú er. Sú breyting mun þó líklega verða strax hjá stofnunum sem nota beiðnir í innkaupum að þær munu að stórum hluta leggjast af ef stofnunin tekur upp sérstök innkaupakort.

4.1.1 Framkvæmd innkaupa

Innkaup eru ýmist gerð símleiðis, með símbréfi, hjá sölumönnum sem koma og bjóða vörur, auk þess sem farið er í verslanir. Beiðnir eru oft notaðar við innkaup og almennt er um að ræða reikningsviðskipti þar sem reikningur berst innkaupaaðila í næsta mánuði.

Hjá minnstu stofnununum sjá forstöðumaður, skrifstofustjóri og/eða fjármálastjóri um öll innkaup fyrir stofnunina. Hjá miðlungsstórum og stærri ríkisfyrirtækjum er innkaupaferlið mun flóknara og oftar en ekki koma margir aðilar að innkaupunum. Yfirleitt greinast innkaupin á starfsmenn eftir því hvað verið er að kaupa. Hjá stærri stofnunum þar sem deildir eða svið eiga að vera fjárhaglega sjálfstæð, geta margir aðilar séð um innkaup á sömu eða sambærilegum vörum. Yfirleitt eru þessum aðilum gert að beina viðskiptum til ákveðinna fyrirtækja sem búið er að semja við eða eru aðilar að rammasamningum Ríkiskaupa.

Sem dæmi um vöruflokka þar sem innkaup eru í höndum mismunandi aðila má nefna:

- Pappír, bréfsefni, ritföng og önnur smávara.
- Lyf, hjúkrunarvörur og vörur þeim tengdar.
- Matvæli fyrir mötuneyti.
- Bækur fyrir bókasöfn.
- Ræstingarvörur
- Tölvur og tölvubúnaður.
- Vörur til viðhalds húsnæðis og annarra eigna.

Þeir sem sjá um innkaup á tilteknum vöruflokkum, hafa yfirleitt ekki heimild til annarra innkaupa.

4.1.2 Greiðsla reikninga

Reikningar berast stofnunum mánaðarlega og áður en þeir eru greiddir, eru þeir samþykktir af til þess bærum aðila. Í þessu felst að þeir aðilar sem bera ábyrgð á því að varan var keypt, verða að staðfesta að svo sé og að þeir hafi mótttekið hana, auk þess sem beiðnir og úttektar-nótur þurfa að fylgja reikningnum. Þegar áritanir og tilheyrandi gögn liggja fyrir, er reikningurinn samþykktur til greiðslu af fjármálastjóra og/eða forstöðumanni stofnunarinnar og að því loknu er reikningurinn tilbúinn til greiðslu. Forstöðumaður stofnunar áritar alltaf reikninga vegna risnu, ferðakostnaðar, óvenjubundins kostnaðar auk meiriháttar eignakaupa.

Reikningar eru greiddir um bankalínu eða með ávísun sem send er viðkomandi aðila þó einnig séu dæmi um að ávísun sé sótt. Sífelld fleiri stofnanir greiða nú reikninga í gegnum bankalínu.

4.1.3 Sjóðir

Hjá mörgum stofnunum er sjóður, yfirleitt í formi peninga en einnig í formi tékkareiknings. Þessir sjóðir eru almennt notaðir til minniháttar innkaupa, t.d. kaupa á kaffi, mjólk, frímerkjum o. fl. þess háttar.

4.2 Greining á innkaupum og umsýslukostnaði

Við mat á hagkvæmni innkaupakortanna eru áhrif notkunar þeirra á umsýslukostnað mjög mikilvæg. Í starfi nefndarinnar hefur þessi þáttur verið skoðaður auk þess sem nefndin hefur reynt að gera sér grein fyrir umfangi innkaupa á smærri vörum og þjónustu. Við greiningu á umsýslukostnaði var notast við gögn frá Ríkisbókhaldi ásamt ráðleggingum annarra stofnana. Áhersla hefur verið lögð á að afmarka umsýslukostnað mismunandi greiðslumiðla.

4.2.1 Greining á upphæðum innkaupa opinberra stofnana

Meirihluti innkaupa hjá stofnunum er fyrir lágar upphæðir. Meðfylgjandi tafla sem sýnir fjölda reikninga fyrir kaup á vöru og þjónustu innan vissra fjárhæðamarka og heildarupphæð þeirra er unnin upp úr bókhaldi 93 stofnana í bókhaldsþjónustu Ríkisbókhalds.

Fjárhæðamörk reikninga	Hlutfall af fjölda	Heildarverðmæti innkaupa	Hlutfall af heildar verðmæti innkaupa
Lægri en kr. 10.000	63%	184.393.213 kr.	10%
Kr. 10.000 – 49.999	28%	494.683.465 kr.	26%
Kr. 50.000 – 99.999	5%	301.109.391 kr.	16%
Hærri en kr. 100.000	4%	936.459.935 kr.	48%

Í töflunni kemur fram að 63% reikninga eru að upphæð 10.000 kr. eða minna og að samtals eru þeir einungis 10% af heildarupphæð reikninga fyrir vöru- og þjónustukaup.

Þessar tölur eru í samræmi við erlendar athuganir. Hjá hinu opinbera í Finnlandi eru yfir 60% af reikningum undir kr. 8.100 (100 Evrur). Athugun hjá nokkrum opinberum stofnunum í Bretlandi leiddi í ljós að 70-90% reikninga var undir 58.000 kr, (£500), en heildarupphæð þeirra var ekki nema 3-25% af innkaupum.

4.2.2 Greining á kostnaði við mismunandi greiðslutilhögun

Margs konar greiðsluform tíðkast hjá stofnunum ríkisins. Ýmist er greitt með ávísun, peningum, bankalínu/heimabanka, með debitkorti eða með bankalínu í gjaldkerakerfi Ríkisfjárhirslu.

Mismikill kostnaður er við hvert greiðsluform. Ef tekinn er áætlaður kostnaður við greiðslu á reikningi, skráningu í sjóðbók og skráningu í bókhald, kemur í ljós að kostnaður við að greiða með innkaupakorti og greiða í gjaldkerakerfi Ríkisfjárhirslu er svipaður.

Greiðslumáti	Lágmarks-kostnaður	Hámarks-kostnaður	Meðal-kostnaður
Ávísun	201 kr.	321 kr.	261 kr.
Bankalína/heimabanki	131 kr.	249 kr.	190 kr.
Debitkort.....	116 kr.	236 kr.	176 kr.
Innkaupakort.....	40 kr.	117 kr.	79 kr.
Gjaldkerakerfi Ríkisfjárhirslu...	16 kr.	116 kr.	66 kr.

Þessir kostir eru hins vegar mun ódýrari en aðrir. Ástæðan er annars vegar sú sjálfvirkni og sá vinnuhraði sem gjaldkerakerfi Ríkisfjárhirslu býður upp á og hins vegar sú einföldun á greiðsluferli sem innkaupakort býður upp á með því að greiða marga reikninga í einu.

Áætlaður kostnaður við að greiða með debítkortí og með bankalínu/heimabanka er svípaður. Hann er að jafnaði um 35% hærri en í gjaldkerakerfi Ríkisfjárhíslu eða með innkaupakortí. Mismunurinn felst að mestu í skráningu á sjóðbók og í bókhaldi.

Áætlaður kostnaður við greiðslu með ávísun er mestur eða að jafnaði um 25% hærri en að greiða með gjaldkerakerfi Ríkisfjárhíslu eða innkaupakortí. Allir kostnaðarþættir eru dýrari en með annarri greiðslutilhögun.

Gjaldkerakerfi er í notkun hjá Ríkisféhirði, sem sér um greiðsluþjónustu fyrir um 100 stofnanir ríkisins. Þá er gjaldkerakerfi í notkun hjá Vegagerðinni, Ríkisspítölum, Námsgagnastofnun, Tryggingastofnun ríkisins og Ríkisútvarpi. A.m.k. helmingur reikninga sem stofnanir greiða eru afgreiddir í gjaldkerakerfi Ríkisfjárhíslu.

4.2.3 Hvernig verður bókhaldi háttað í sambandi við kreditkort?

Hvað varðar bókhald eru nokkur atriði sem huga þarf að. Í fyrsta lagi eru það reglur um skil frumgagna sem fylgja þurfa í bókhaldið, í öðru lagi færslumedferð í bókhaldi, í þriðja lagi möguleikar á að nota upplýsingar á rafrænu formi með kerfi sem greiðslukortafyrirtæki bjóða upp á. Hvað varðar bókhald, myndi það kerfi einfalda yfirferð, eftirlit og bókun reikninga.

4.2.4 Frumgögn til nota í bókhaldi

Undantekningarlaust þarf reikning fyrir viðskiptum til nota í bókhaldið. Það að taka ekki reikning fyrir viðskipti er eitt helsta vandamálið við notkun þeirra kreditkorta sem nú eru í umferð. Reglur fyrir notkun kreditkorta hjá ríkinu, þar á meðal innkaupakorta, þurfa að kveða á um að viðurlög séu við vöntun á fylgiskjali. Þær reglur gætu t.d. verið á þá leið að ef reikningur fylgir ekki úttekt, sé hún undantekningarlaust endurgreidd og viðkomanda ekki lengur treyst fyrir korti, t.d. í annað sinn sem hann hendir að skila ekki reikningi.

Væntanlega mun þetta vandamál minnka eða verða úr sögunni innan tíðar með aukinni áherslu á rafræn viðskipti. Þá mun kortanotandi ekki þurfa að taka reikninginn heldur verður hann sendur rafrænt til kaupanda. Líklegt verður að teljast að rafrænar færslur verði samþykktar sem gögn í bókhaldi á allra næstu árum.

4.2.5 Færslumedferð í bókhaldi

Tveir möguleikar eru á færslu reikninga sem greiddir eru með innkaupakortí. Annars vegar er sá möguleiki að reikningum sé skilað jafnóðum til bókhalds til gjaldfærslu með mótbókun á viðskiptareikning. Hins vegar er sá möguleiki að reikningum sé safnað saman yfir mánuðinn til samanburðar við mánaðarlegan reikning frá greiðslukortafyrirtækinu. Þeir eru þá gjaldfærðir þegar greiðsla hefur farið fram.

Með því að nota seinni möguleikann, næst fram að fullu sá sparnaður sem notkun innkaupakorts gefur með fækkun færslna í bókhaldi.

Fyrri möguleikinn hefur þann kost að upplýsingar koma fyrir inn í bókhaldið en á móti hefur hann þann galla að ekki næst sparnaður vegna fækkunar færslna. Miðað er við að innkaupakortið verði notað við innkaup fyrir lágar fjárhæðir þar sem fjöldi færslna er mikill en hlutfall af veltu er lítið. Þörfin fyrir að fá upplýsingar sem fyrst skiptir þá minna máli en sá möguleiki sem gefst á sparnaði.

4.2.6 Upplýsingar á rafrænu formi með innkaupakorti

Purchasing card eða innkaupakort er ein tegund fyrirtækjakorta sem Europay og VISA eru með í notkun erlendis. Sérstakt innkaupakort ríkisins yrði af þessari tegund. Það er ætlað til kaupa á vörum og þjónustu fyrir lágar fjárhæðir í þeim tilgangi að einfalda allt innkaupa- og greiðsluferli við slík innkaup. Einn af þeim möguleikum sem kortin gefa er að seljandi sendir reikninga á rafrænu formi í gagnabanka á vegum kortafyrirtækisins. Þegar fært er rafrænt bókhald, þarf að liggja fyrir skrifleg lýsing á skipulagi þess og uppbygging þarf að vera í samræmi við 7. gr. laga nr. 145/1994 um bókhald.

Kortafyrirtækið sendir reikninginn á rafrænu formi auk útprentunar yfirlits til kaupanda, eitt yfirlit fyrir hvern korthafa. Í útprentuninni geta verið reikningar frá mörgum fyrirtækjum en á hverjum reikningi koma fram allar nauðsynlegar upplýsingar, t.d. hvað keypt var, fjöldi eininga, einingarverð, heildarverð reiknings, nafn og kennitala seljanda o.s.frv. Kaupandi fær einnig hugbúnað frá kortafyrirtækinu til að skoða og breyta reikningum á rafrænu formi, t.d. til að bæta inn bókhaldsmerkingum o.fl. og til að flytja síðan upplýsingarnar beint í bókhaldskerfið.

Til að þessi möguleiki nýtist, þarf seljandi að vera með sjóðs- eða birgðakerfi sem býður upp á þennan flutning rafrænna upplýsinga og hugbúnað frá kortafyrirtæki.

Ef þessi möguleiki er notaður fyrir ýmis algeng vöru- og þjónustukaup, einfaldar það eftirlit, yfirferð og bókun reikninga.

Reglur um frádrátt innskatts í virðisaukaskattskyldum rekstri kveða á um útlit og innihald reikninga. Ekki er leyfilegt að hafa þá á rafrænu formi miðað við núverandi lög og reglur. Þá má benda á að í nokkrum löndum Evrópu hefur rafrænt form reikninga eins og þeir líta út með notkun innkaupakorts, verið leyft í virðisaukaskattskyldum rekstri.

Hjá VISA kemur fram í riti um notkun á kaupkortum erlendis (Visa Purchasing Card: Best Practices Management Guide) að fyrirtæki reyna að einfalda enn frekar bókunarferlið hjá sér með lítilli skiptingu innkaupa fyrir lágar fjárhæðir á kostnaðarstaði. Þetta gæti átt við hjá nokkrum stórum stofnunum á Íslandi, s.s. Ríkisspítölum, sem eru með mikla kostnaðarskiptingu. Í stað kostnaðarskiptingar í bókhaldi verður hægt að sækja sundurliðaðar upplýsingar um smáinnkaup í gagnagrunn sem greiðslukortafyrirtækin bjóða upp á í tengslum við innkaupakortið.

4.3 Færslur án heimildar

Í samningum við greiðslukortafyrirtæki þarf að gera þann fyrirvara að stofnanir þurfi ekki að greiða úttektir sem að einhverjum ástæðum eru ekki réttar. Þó að heildarúttekt mánaðar sé greidd á gjalddaga, þarf að vera möguleiki á að fá einstakar úttektir endurgreiddar frá kortafyrirtæki ef þær eru ekki samþykktar af stofnuninni. Á meðan yrði úttektin vistuð á viðskiptareikningi. Færsla sem ekki fæst samþykkt, er því á ábyrgð greiðslukortafyrirtækisins.

Greiðslukortafyrirtækin sjálf hafa einnig unnið að því að samræma reglur um heimildarlaus viðskipti. Stóru fyrirtækin á þessu sviði vinna eftir svonefndu SET kerfi þar sem öryggiskröfur varðandi heimildarlaus viðskipti eru staðlaðar.

5. Samskipti við greiðslukortafyrirtæki

5.1 Kynningar

Eitt af fyrstu verkefnum nefndarinnar var að setja sig í samband við greiðslukortafyrirtækin á markaðinum, þ.e. VISA Ísland og Europay á Íslandi. Á kynningarfundum með fulltrúum þessara fyrirtækja var augljóst að hvorugt fyrirtækjanna var á þeirri stundu reiðubúið til að setja fram hugmyndir um sérstök innkaupakort fyrir ríkisstofnanir þar eð þau höfðu þá ekki kynnt sér þróun á þessu sviði erlendis. Nefndin kynnti fulltrúum kortafyrirtækjanna þær hugmyndir sem hún hafði á þessu stigi. Var fulltrúum fyrirtækjanna gerð grein fyrir þeirri afstöðu nefndarinnar að formlegt samstarf við fyrirtækin yrði að komast á að undangengnu útboði þar sem þessi þjónusta væri skilgreind.

Eftir kynningarfundina í upphafi var ákveðið að hafa aftur samband við fulltrúa fyrirtækjanna eftir rúmlega mánuð og væri þá stefnt að því að bæði nefndin og fyrirtækin væru tilbúin að setja fram sínar hugmyndir.

Þegar nefndin var vel á veg komin með rannsóknir á umsýslukostnaði og hagræðingu við not innkaupakorta, var aftur efnt til funda með fulltrúum fyrirtækjanna. Segja má að miðað við þann stutta tíma sem fyrirtækjunum var gefinn og þeirri staðreynd að í upphafi var starf þeirra nánast á byrjunarreit, hafi síðari fundirnir verið mjög gagnlegir. Bæði höfðu fyrirtækin skilgreint með hvaða hætti þau sæju sitt hlutverk í því að koma á notkun innkaupakorta sem og hvernig þáttum eins og notkun og kostnaði yrði háttað. Bæði hafa fyrirtækin sýnt mikinn áhuga á að taka þátt í þróun kortanna á Íslandi. Niðurstaðan er sú að bæði fyrirtækin hafa getu til að annast þessa þjónustu og bæði hafa samstarfsaðila erlendis þangað sem hægt er að leita til um ráðgjöf.

5.2 Samskipti við greiðslukortafyrirtæki, útboð og tilraunaverkefni.

Frá upphafi hefur verið gengið út frá því í störfum nefndarinnar að útboð verði notað til að koma á viðskiptum við þjónustuaðila. Hefur þetta þótt skynsamleg leið til þess að gefa öllum aðilum tækifæri til annast þjónustuna og til að ná sem hagstæðustu samningum fyrir ríkið. Nánari útfærsla á útboðsgögnum verður að fara fram hjá umsjónaraðila útboða, þ.e. Ríkiskaupum, sem samkvæmt lögum um opinber innkaup eiga að annast útboð fyrir opinberar stofnanir. Nefndin telur ákveðin skilyrði eiga að koma fram í útboðinu:

Ríkissjóður og stofnanir ríkisins munu ekki borga til þjónustuaðilans stofngjald eða þjónustugjald. Vegna þessa munu tilboðin væntanlega ekki hljóða upp á ákveðnar upphæðir heldur verður samkeppni milli fyrirtækja bæði í þjónustu og lausnum.

Við upptöku innkaupakorta erlendis m.a. í Bretlandi, hefur verið byrjað á tilraunaverkefnum. Þetta fyrirkomulag hefur verið talið heppilegt til að koma reynslu á kerfið áður en það er tekið í notkun í öllum stofnunum ríkisins. Nefndin mælir með því að þessi leið verði einnig farin hér á landi ef ákveðið verður að mæla með því að taka upp notkun innkaupakorta hjá ríkinu.

Nánari útfærsla á þeim atriðum sem hér hafa verið nefnd, verður að fara fram eftir að endanleg ákvörðun hefur verið tekin og þá af þeim sem stýra munu verkefninu.

5.3 Viðbrögð söluaðila

Ríkissjóður og stofnanir ríkisins eru stór aðili í innkaupum. Breytingar sem sérstakt innkaupakort hafa í för með sér, skipta því töluverðu máli fyrir söluaðila. Til að kanna viðhorf þeirra til kortanna var Sigurði Jónssyni formanni Kaupmannasamtakanna boðið á fund nefndarinnar.

Sigurður greindi frá því að kaupmenn væru almennt fylgjandi kortanotkun í viðskiptum þar sem það sparaði kostnað við umsýslu og ekki síður við innheimtu á viðskiptakröfum. Hins vegar væri kaupmönnum það mjög í mun að greiðslukortafyrirtækin létu ekki þóknun vegna viðskiptanna eingöngu bitna söluaðilum. Eðlilegra væri að skipta kostnaði á milli þessara tveggja aðila. Sigurður taldi líklegt að söluaðilar væru tilbúnir til að leggja í einhvern kostnað við að mæta kröfum viðskiptavina varðandi innkaupakort og þar væri ríkissjóður og stofnanir ríkisins engin undantekning. Þá var upplýst að langflestir söluaðilar væru með sjóðskerfi eða sölubókhald þar sem nú þegar væri að finna upplýsingar sem gætu nýst seljendum.

Söluaðilar ekki síður en neytendur, í þessu tilviki ríkissjóður, hafa ótvírætt hagræði af auknum upplýsingum um viðskipti með greiðslukort. Nefna má flugfélögin sem nú þegar starfrækja gagnagrunn um viðskiptavini sína og nota til að markaðsetja vöru sína. Ekki er ólíklegt að önnur fyrirtæki hafi áhuga á að nota sér þessa aðferð til að fá yfirsýn yfir neyslunystur viðskiptavina sinna. Þessi möguleiki mun án efa verða til þess að söluaðilar muni fást til að taka upp kerfi sem býður upp á aukna upplýsingagjöf.